



Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. apríl 2008
Tilvísun: 2008040003
Bréfalykill: 22.2

Efni: Borun rannsóknarholu í Gjástykki. Tilkynning vegna matsskyldu

Orkustofnun hefur með bréfi Skipulagsstofnunar dags. 28. mars 2008 borist beiðni um að veita umsögn um hvort fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Forsendur umsagnar Orkustofnunar byggjast á fyrirhugaðri nýtingu háhitasvæðisins, mögulegum áhrifum á nýtingu nálægra háhitasvæði og aðrar auðlindir.

Í umsókn framkvæmdaraðila, Landsvirkjunar í samvinnu við Þeistareyki ehf., kemur fram að undirbúningur framkvæmdar hefur farið fram á grundvelli rannsóknarleyfis útgefnu 10. maí 2007. Undirbúningur að borun hefur gengið hraðar en gert var ráð fyrir í rannsóknaráætlun, en er að öllu öðru leyti í samræmi við rannsóknarleyfið. Með rannsóknum hefur verið sýnt fram á líklegt vinnslusvæði og það afmarkað. Efnagreining á gufu bendir til að hiti í svæðinu geti verið um 280 gráður. Orkustofnun tekur undir nauðsyn þess að bora niður í líklegt vinnsludýpi því til staðfestingar. Háhitasvæðið í Gjástykki er vel afmarkað frá nálægum vinnslusvæðum, sem eru auk þess athafnasvæði framkvæmdaáðila.

Kalt vatn til borunar fæst í nágrenni borsvæðis. Kaldavatnspörf er áætluð um 40 l/s til kælingar og til að fleyta upp svarfi úr holunni. Skolvatni verður veitt í svarfþró með hefðbundnum hætti og afrennsli hennar veitt í nálægar sprungur þaðan sem það fer ofan í grunnvatn. Efnainnihald skolvatnsins verður ekki verulega frábrugðið náttúrulegu ástandi grunnvatns á þessu svæði og er því ekki líklegt til að hafa áhrif á vatnsverndarsvæði norðan Gjástykkis. Afrennsli holunnar eftir að borun lýkur er talið verða fremur lítið og að mati Orkustofnunar er ekki líklegt að það hafi veruleg áhrif innan vatnsverndarsvæðisins. Framkvæmdaraðili ráðgerir að fylgjast með hugsanlegum áhrifum með reglulegri vöktun.

Niðurstaða

Orkustofnun telur að fyrirhuguð borun rannsóknarholu í Gjástykki sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og telur því ekki að framkvæmdin eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir

Hákon Aðalsteinsson

